

Áfangalýsing - Saga



Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

Saga 204. Saga 20. aldar

Fjöldi eininga

4

Undanfari

Sag104

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur kynnist ólíkum tegundum sagnfræðilegra vinnubragða. Leitast verður við að kynna aðferðir við söfnun munnlegrar sögu, frumheimildir og gildi heimilda sem og ólíkar nálganir innan sagnfræðinnar svo sem einsögu, kvennasögu og hagsögu. Fjallað verður um tímabilið sem kallað er stutta 20. öldin, tímabilið frá 1914-1989. Fyrst og fremst verður tímabilið skoðað með gleraugum mannkynssögunnar en atburðir mannkynssögunnar verða einnig skoðaðir frá íslensku sjónarhorni.

Kennslugögn:

Efni frá kennara.

Handbók um ritun og frágang, eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal.

Efni á Skalasafni Borgarfjarðar og Héraðsbókasafni Borgarfjarðar

Námsmat:

Unnið í samráði við nemendur

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- veigamestu þáttum í sögu 20. aldar
- ólíkum tíðaranda í gegnum 20. öld

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina meginþætti og álitamál
- leita eftir mismunandi sjónarhornum
- túlka og álykta um tiltekna atburði sögunnar
- meta gildi og áreiðanleika heimilda
- nota heimildir
- koma söguþekkingu sinni á framfæri með fjölbreyttum hætti

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fá áhuga á sögu og sagnfræði
- Beita sagnfræðilegum vinnubrögðum
- Afla nýrrar sagnfræðilegrar þekkingar